

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlun:

*Norður-Foss, deiliskipulagsbreyting.*

Breytingin felur í sér að afmörkun skipulagssvæðisins er breytt og það stækkað úr 3,4 ha í 3,8 ha. Tveir nýir byggingarreitir eru afmarkaðir og gerð er grein fyrir byggingarheimildum á þeim. Byggingarheimild á byggingarreit B er aukin um 620 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn þann 16. apríl 2020.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Vik í Mýrdal, 22. júní 2020.*

**George Frumuselu**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. júní 2020